

til slíkrar ákvörðunar. Yfirkjörstjórn í Reykjavík og kjörstjórn skv. 1. másl. 2. mgr. 10. gr. í öðrum kaupstöðum tekur ákvörðun um lok kosninga í hlutaðeigandi kaupstað.

Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. mgr. 120. gr.

Hinn fyrri kjördag skal hvarvetna setja kjörfund eigi síðar en kl. 10 árdegis og hinn síðari kjördag eigi síðar en kl. 12 á hádegi.

Nú hefur veður hamlað kjörsókn á hinum tveimur kjördögum og getur þá kjörstjórn ákveðið, með sama hætti og segir í 3. mgr. 120. gr. og áður en kosningu lýkur hinn síðari kjördag, að kosningu verði fram haldið á kjörfundi er setja skal eigi síðar en kl. 12 á hádegi næsta dag. Nægir að birta auglýsingu þar um í útvarpi. Um meðferð kjörgagna fer þá eftir ákvæðum 4. mgr. 120. gr.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Borsteinn Pálsson.

LÖG

um breytingu á yfirstjórn váttryggingastarfsemi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „Atvinnumálaráðherra“ í 1. mgr. 3. gr. laga um ófriðartryggingar, nr. 2 21. janúar 1944, kemur: Ráðherra.

2. gr.

Á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55 2. júní 1992, verða svofelldar breytingar:

1. Í stað orðsins „tryggingamálaráðherra“ í 2. másl. 2. gr. kemur: ráðherra.

2. Í stað orðsins „Tryggingamálaráðherra“ í 26. gr. kemur: Ráðherra.

3. gr.

Í stað orðsins „Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 5. gr. laga um brunatryggingar, nr. 48 6. maí 1994, kemur: Ráðherra.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1995.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Davíð Oddsson.